

Frá skólamálanefnd

Ályktun um skólamál – sérkennarar

Aðalfundur Félags grunnskólakennara leggur áherslu á að sérkennarar (með a.m.k. 30 ein. framhaldsnám í sérkennslufræðum) skipuleggi alla kennslu barna með sérþarfir í almennum grunnskólum. Einnig að þeir annist kennsluna eftir því sem aðstæður leyfa í hverjum skóla. Bekkjarkennarar, þroskaþjálfar og aðrir þeir sem að kennslu/þjálfun þessara nemenda koma skipuleggi starf sitt í nánú samstarfi við sérkennara svo sem best megi takast til með nám, skólagöngu og félagslega aðlögun nemendanna.

Félag grunnskólakennara varar við þeirri þróun sem víða virðist vera í skólum að stuðningsfulltrúar sjái um sérkennslu a.m.k. að hluta til án íhlutunar sérkennara. Slíkt er óviðunandi með tilliti til menntunar og starfslýsingar stuðningsfulltrúa.